

Reykjavík, 20. október 2022
MSS22090010

Til stafræns ráðs
Borgartúni 12-14

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um hlunnindi til starfsmanna Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Vísað er til bréfs, dagsett 15. september 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um það hvort þau hlunnindi sem standi starfsfólki sviðsins til boða, standi einnig öðru starfsfólki til boða.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um hlunnindi til starfsmanna Þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Á fundi stafræns ráðs þann 14. September 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 6. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur nú lesið ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Skýrslan er erfið yfirferðar og sums staðar ekki á mannamáli ef svo má orði komast. Vaknað hafa upp fjöldi spurninga. Í skýrslunni er rætt um skapandi vinnustaðamenningu og heilsueflandi vinnustað. Flokkur fólksins spyr hvort hér sé verið að vísa í Reykjavík sem vinnustað í heild sinni eða sviðið (PON) einungis? Samkvæmt lýsingu í skýrslunni stendur að starfsmönnum standi til boða heilsueflandi hlutir svo sem „tæki og tól í sitt faglega og persónulega tækjabelti til að geta betur tekist á við ýmsar áskoranir í starfi. Starfsfólki standi til boða samgöngustyrkur heilsuræktarstyrkur og menningar- og sundkort fyrir alla nýliða sem óska eftir slíku. Starfsfólki stendur til boða að nota rafskútur og til að sækja vinnutengda fundi og viðburði utan vinnustaðar á vinnutíma eða sinna vinnutengdum. Margt fleira spennandi fyrir starfsfólk er talið upp í skýrslunni. Það sem vakir fyrir Flokki fólksins með fyrirspurninni er að fá það staðfest hvort þetta standi ekki öllu starfsfólki borgarinnar til boða? Sé svo ekki væri verið að mismuna starfsfólki Reykjavíkurborgar með grófum hætti að mati Flokks fólksins.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 14. september 2022.

Svar:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur nú lesið ársskýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs [...] Flokkur fólksins spyr hvort hér sé verið að vísa í Reykjavík sem vinnustað í heild sinni eða sviðið (PON) einungis?

Í ársskýrslum almennt eru birtar upplýsingar um tiltekna stofnun eða einingu og starfsemi hennar. Eins og segir í titli skýrslunnar á forsíðu þá er þar fjallað um starfsemi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs á starfsárinu 2021. Það sem kann að rugla kjörinn fulltrúa flokks fólksins í ríminu við lestur skýrslunnar er að Þjónustu- og nýsköpunarsvið starfar í þágu annarra fag- og kjarnasviða borgarinnar og markast verkefni og þar af leiðandi textar skýrslunnar því af lýsingu á verkefnum sem unnin eru í samstarfi sviða á milli.

Þrátt fyrir að ekki hvíli sú skylda á sveitastjórnarstiginu sambærileg þeirri skyldu sem hvílir á ríkisvaldinu að birta ársskýrslu og tilgreint er í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015, þá hefur ÞON í anda góðra stjórnsýsluhátta tekið þá ákvörðun að birta sambærilega skýrslur um starfsemina, verkefni og framvindu stafrænnar vegferðar ár hvert. Með þessu er sviðið að hafa frumkvæði að heildstæðri upplýsingagjöf um ráðstöfum fjármagns til kjörinna fulltrúa í meirihluta og minnihluta borgarstjórnar en síðast en ekki síst einnig til almennings og atvinnulífsins í landinu, þeirra sem eru okkar þjónustuþegar og helstu hagaðilar.

Samkvæmt lýsingu í skýrslunni stendur að starfsmönnum standi til boða heilsueflandi hlutir svo sem „tæki og tól í sitt faglega og persónulega tækjabelti til að geta betur tekist á við ýmsar áskoranir í starfi. Starfsfólki standi til boða samgöngustyrkur heilsuræktarstyrkur og menningar- og sundkort fyrir alla nýliða sem óska eftir slíku. Starfsfólki stendur til boða að nota rafskútur og til að sækja vinnutengda fundi og viðburði utan vinnustaðar á vinnutíma eða sinna vinnutengdum. Margt fleira spennandi fyrir starfsfólk er talið upp í skýrslunni. Það sem vakir fyrir Flokki fólksins með fyrirspurninni er að fá það staðfest hvort þetta standi ekki öllu starfsfólki borgarinnar til boða?

Upplýsingaskylda vinnuveitanda við staðfestingu ráðsningarsambands, er varðar þau líkamlegu og andlegu heilsutengdu hlunnindi sem standa starfsfólki til boða, er bundin í kjarasamninga. Samkvæmt verklagi sem sett er fram af Mannauðs- og starfsumhverfissviði og birt er bæði á innri og ytri vef borgarinnar er það almenn regla þegar nýtt starfsfólk er ráðið til starfa hjá Reykjavíkurborg, að næsti yfirmaður fari yfir þau hlunnindi sem starfsfólki stendur til boða.

Leiðbeiningar vegna hlunninda starfsfólks Reykjavíkurborgar innihalda áakveðnar leikreglur og setja viðmið um hlunnindi starfsmanna fyrir svið og stofnanir borgarinnar svo samræmis og jafnræðis sé gætt í þessum efnum og ekki gert upp á milli starfsmanna í kjörum með ómálefnalegum hætti. Ákvarðanir um hlunnindi starfsmanna taka mið af þessu en grunvallast einnig á þeirri sýn að slíkar ákvarðanir taki mið af og styðji við starfsemi hlutaðeigandi sviðs og stofnunar.

Með hlunnindum er samkvæmt skilgreiningu í verklagsreglum borgarinnar átt við eftirfarandi:

ÍTR kort - sundkort

ÍTR kortið veitir starfsfólki Reykjavíkurborgar ókeypis aðgang í sund í Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Dalslaug, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur og Vesturbæjarlaug. Hægt er að sækja um ÍTR kortið eftir einn mánuð í starfi, svo framarlega sem starfsmaður er með 3 mánaða ráðningarsamning á föstum mánaðarlaunum eða tímakaup í 6 mánuði.

Bókasafns- og menningarkort

Starfsmönnum Reykjavíkurborgar býðst að sækja um Menningarkort Reykjavíkur. Kortin gilda fyrir starfsmenn sem ráðnir eru á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hafa starfað a.m.k. í einn mánuð og tímakaupsmenn sem starfað hafa a.m.k. í sex mánuði. Starfsmaður sækir um kortið hjá sínum yfirmanni og verður 650 króna kostnaður dreginn af launum viðkomandi starfsmanns. Kortið gildir í ár frá útgáfudegi.

Menningarkort er árskort í Listasafn Reykjavíkur, þ.e. Kjarvalsstaði, Hafnarhús og Ásmundarsafn og Borgarsögusafn Reykjavíkur, þ.e. Árbæjarsafn, Landnámssýninguna, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Sjóminjasafnið í Reykjavík. Handhafar menningarkortsins fá einnig bókasafnskort í Borgarbókasafn Reykjavíkur. Kortið gildir jafnframt sem fríðindakort í safnbúðir og veitingasölur safnanna auk þess sem það veitir afslátt hjá fjölmörgum samstarfsaðilum.

Önnur fríðindi sem menningarkortið felur í sér eru afslættir í leikhús, bíó, tónleika, dans, hátíðir, viðburði og ýmis konar söfn. 10 % afsláttur af vörum er veittur í safnverslunum Lista-og sögusafna Reykjavíkur. 2 f 1 tilboð á safni mánaðarins er auglýst mánaðarlega á heimasíðu, samfélagsmiðlum og fréttabréfi.

Heilsuræktarstyrkur

Starfsmaður sem hefur starfað hjá Reykjavíkurborg í sex mánuði eða lengur, hvort sem er á mánaðarlaunum eða í tímavinnu, getur sótt um heilsuræktarstyrk. Styrkurinn getur mest verið 16.000kr fyrir starfsmenn í fullu starfi en upphæðin tekur mið af starfshlutfalli starfsmanns og þeim kostnaði sem starfsmaður hefur lagt út fyrir.

Heilsuræktarstyrkir eru veittir til heilsuræktar hjá líkamsræktarstöðvum, íþróttafélögum og öðrum aðilum sem bjóða upp á reglubundna heilsurækt. Ekki er veittur styrkur til kaupa á íþróttavörum, tækjum eða fatnaði til íþróttaiðkunar eða til leigu á húsnæði. Ástæðan fyrir þessu eru reglur skattfyrvalda um skattfrelsi þessara styrkja.

Samgöngusamningur

Starfsfólki Reykjavíkurborgar býðst að gera samning um að nýta almennt vistvænar samgöngur á leið í og úr vinnu og fá þannig samgöngustyrk. Með vistvænum samgöngum er átt við að ganga, hjóla, hjóla á rafhjóli, nýta vélknúð hlaupahjól eða ferðast með Strætó. Það sem telst ekki vistvænn samgöngumáti er að ferðast með einkabíl eða öðrum vélknúnum einkafarartækjum (hvort sem þau eru knúin með olíu eða rafmagni). Hægt er að gera samgöngusamning strax við undirritun ráðningarsamnings.

Rafskútur í starfsemi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Starfsemi Þjónustu- og nýsköpunarsvið er til húsa í Ráðhúsi Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, Höfða, Tryggvagötu og Vatnagörðum. Starfsmenn sviðsins þurfa starfs síns vegna oft að fara milli starfsstaða í vinnutengdum erindagjörðum. Til viðbótar starfar Þjónustu- og nýsköpunarsvið þvert á önnur svið, stofnanir og starfsstaði borgarinnar og þarf verkefna sinna vegna oft að ferðast á milli starfsstaða.

Þurfi starfsmaður að ferðast í erindagjörðum fyrir borgina þá skal fyrirfram ákveðið af stofnun og starfsmanni, hvaða háttur á greiðslu ferðakostnaðar skal viðhafður hverju sinni. Nokkrar leiðir eru færar til þessa og eru þær skilgreindar í kjarasamningum. Hægt er að gera samkomulag um afnot Reykjavíkurborgar á einkabifreiðar starfsmanns og verði af því samkomulagi skulu afnotin greidd með akstursgjaldi skv. akstursgjaldabók eða aksturssamningi. Þá hafa leigubílar verið notaðir til þess að koma starfsfólki til vinnu, á milli staða á vinnutíma og í ýmis verkefni á vegum borgarinnar.

Rafskútur í starfsemi Þjónustu- og nýsköpunarsviðs eru helst notaðar þegar starfsfólk þarf að fara styttri ferðir milli starfsstaða svisins. Rafskútur í fyrirtækjaþjónustu eru ný leið sem fyrirtækið Hopp byrjaði að bjóða upp á árinu 2021. Ekki er greitt fyrir áskriftina eða samninginn sem slíkan heldur einungis þær ferðir sem farnar eru hverju sinni. Tekin var ákvörðun um að bjóða upp á þennan samgöngumáta, enda er hann mun kostnaðarminni fyrir borgina en leigubíll eða aðrar tegundir af akstursgreiðslum, hann er mun umhverfisvænni, auk þess sem það er heilsubætandi fyrir starfsfólk að fá frískt loft í lungun.

Niðurlag

Með vísan í verklag og leiðbeiningar sem gefið er út af Mannauðs- og starfsumhverfissviði vegna hlunninda starfsfólks Reykjavíkurborgar, þá er hér staðfest að þau hlunnindi sem standa starfsfólki Þjónustu- og nýsköpunarsviðs til boða og lýst er hér að ofan, standi einnig öðru starfsfólki borgarinnar til boða.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra